

14 mars 2016 kl 18:00

Fundur nr.4 í aðalstjórnar Vestra, íþróttafélags.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir; Gísli Jón Hjaltason og Sigurður Jón Hreinsson.

Gengið til boðaðar dagskrár.

1. Samkeppni um merki.
Ákveðið var að bæta úr þeim kynjahalla sem fyrirsjáanleg var á hönnunarkeppninni um merki félagsins. Stjórnarmenn grófu upp tvö nöfn;
Ólöf Dómhildur
Inga María Gunnarsdóttir
Formanni falið að tala við þær og athuga með áhuga þeirra á þáttöku.
2. Kosningakostnaður.
Formaður talaði við Svavar fyrrverandi starfsmaður Advania. Forritunarkostnaður vegna rafrænnar kosningar er líklegur á bilinu 30-50 þúsund.
3. Búningar.
Formaður hafði heyrt í Jako og fengið þær fréttir frá þeim að á næsta ári verði ekki boðið upp á röndóttu búninga. Það er þó leysanlegt með því að þeir eru tilbúnir til að panta dálítinn lager til að eiga til næstu ára, ef röndótt verður ofaná. Ákveðið var að tína til slatta af tillögum að búningum og hafa með á fund með deildum 21 mars.
4. Vallarhús.
Það liggur fyrir að gefa þarf svar vegna klifurveggjar. Innan stjórnar Vestra er áhugi á að framtíðarnýting Vallarhússins verði fyrst og fremst sem félagsaðstaða. Hinsvegar getur ekki talist heppilegt að henda út því starfi sem fram fer þar, án þess að leyst sé úr því máli hvar það verður staðsett í framtíðinni. Á meðan að aðstaða til þrekþjálfunar verður í Vallarhúsinu, er klifuraðstaða kanski minna fyrir, en til lengri tíma litið er það starf sem á líklega ílla heima með almennu félagsstarfi.
Lagt fram drög að bréfi til HSV þess efnis.
5. Kennitölur.
Enn eiga nokkrir stjórnarmenn í Vestra eftir að undirrita lög félagsins, þannig að senda megi umsókn um kennitölu til RSK. Þessu þarf að ljúka sem fyrst til að formlega verði gengið frá stofnun félagsins og ekki síður til að deildir geti fært sig undir aðalkennitölu félagsins.
6. Fundur með gjaldkerum deilda.
Fundur með gjaldkerum deilda verður haldinn á miðvikudaginn 16. mars þar sem rætt verður um bókhaldsmál og annað því tengt. Guðni mætir þar og formaður. Leggja þarf fram drög að verklagi sem gjaldkerar þurfa að temja sér í samstarfi við Bjarka endurskoðanda.
7. Fundur með deildum mánudaginn 21 mars.
Lagt til að reynt verði að funda með stjórnnum deildua 21 mars. Fundarstaður ákveðinn síðar.

Fundarritari sjh

Fundi slitið kl 19:10